

286. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurnesja, haldinn að Skógarbraut 945, Reykjanesbæ, fimmtudaginn 17. desember 2020, kl. 16.00.

Mætt: Haraldur Helgason, formaður, fulltrúi Suðurnesjabæjar, Ingvi Hákonarson, fulltrúi Reykjanesbæjar, Hanna Björg Konráðsdóttir, fulltrúi Reykjanesbæjar, Inga Rut Hlökkversdóttir, fulltrúi Sveitarfélagsins Voga, Birgitta Káradóttir, fulltrúi Grindavíkur, auk starfsmanna Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja: Magnús H. Guðjónsson, framkvæmdastjóri, J. Trausti Jónsson starfsmaður HES og Ásmundur E. Þorkelsson (fundaritari). Eftirfarandi tóku þátt í fundinum í gegnum fjarfundabúnað: Bergþóra Sigurjónsdóttir, fulltrúi atvinnurekenda.

Dagskrá:

1. Starfsleyfi
2. Umhverfismál og lóðahreinsanir
3. Önnur mál

Formaður setti fundinn, færði fundarritara árnaðaróskir í tilefni fimmtugsafmælis og gengið var til dagskrár.

1. Starfsleyfi

Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. lögum nr. 93/1995 um matvæli og reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti. Gildistími starfsleyfa er 12 ár.

- Dagdvöl aldraðra Selinu, kt. 470794-2169, Vallarbraut 4, 260 Reykjanesbæ til að reka félagsaðstöðu með fullbúnu eldhúsi.
- Dagdvöl aldraðra Nesvöllum, kt. 470794-2169, Njarðarvellir 4, 260 Reykjanesbæ til að reka samkomuhús með móttökueldhúsi.

Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti. Gildistími starfsleyfa er 12 ár.

- Tómsundastarfs aldraðra Nesvöllum, kt. 470794-2169, Njarðarvellir 4, 260 Reykjanesbær til að reka samkomuhús.
- Suðurnesjabær, v. Íþróttamiðstöðvarinnar í Sandgerði, kt. 550518-1200, Suðurgötu 245 Suðurnesjabæ til að reka íþróttamiðstöð.
- Dansnám síf., kt. 471013-2260, Brekkustíg 40 og 42, 260 Reykjanesbær til að reka dansskóla.
- Padda ehf., kt. 700118-1690, Álftajörð 6, 260 Reykjanesbær til að reka meindýraeyðingu.
- Carisma snyrtistofa, kt. 050377-3349, Hafnargata 49, 230 Reykjanesbær til að reka hársnyrti- og snyrtistofu.
- Fótaaðgerð ehf., kt. 581120-0280, Brekkustíg 41, 260 Reykjanesbær til að reka fótaaðgerða- og snyrtistofu.

Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. lögum nr. 93/1995 um matvæli. Gildistími starfsleyfa er 12 ár.

- Tralli ehf., kt. 700703-2660, Fitjum 3, 260 Reykjanesbæ til að reka skyndibitastað.
- Skeljungur hf., kt. 590269-1749, Fitjum, 260 Reykjanesbæ til að reka söluturn með óvarin matvæli.
- Korca ehf., kt. 441220-1110, Vikurbraut 62, 240 Grindavík til að reka söluturn með óvarin matvæli.

Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sbr. verklagsreglur við auglýsingu nr. 582/2000 frá umhverfisráðuneytinu. Gildistími starfsleyfis er 12 ár, nema annað sé tekið fram.

Fyrirtæki í auglýsingaferli.

- CampEasy ehf., kt. 540213-1350, Selvík 5, 230 Reykjanesbæ til reksturs bílaleigu með bílaverkstæði og bílþvottaðstöðu.
- Brimborg ehf., kt. 701277-0239, Flugvellir 20, 230 Reykjanesbæ til reksturs bílaleigu með bílaverkstæði og bílþvottaðstöðu.

Nefndin felur heilbrigðiseftirlitinu að gefa út starfsleyfi til ofangreindra fyrirtækja berist ekki athugasemdir á auglýsingatíma.

Tímabundin starfsleyfi.

- Sveitarfélagið Vogar, kt. 6702692649, Iðndalur 2, 190 Vogar til að halda áramótabrennu.
- Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf., kt. 410693-2169, 800 Selfossi til jarðborunar í Helguvík. (Fyrra leyfi framlengt til 31.01.21)
- Nesfiskur ehf., kt. 410786-1179, Gerðavegur 32, 250 Garði til reksturs á fiskvinnslu. Nefndin hefur borist verkáætlun fyrir úrbætur í fráveitumálum, dags. 17.12.2020. Nefndin samþykkir áætlunina. Leyfi er veitt til 1. október 2021.
- Eric the red seafood, kt. 540313-1720, starfsstöð – Bolafótur 15, 260 Reykjanesbæ til reksturs fiskvinnslu. Leyfi veitt til 1. janúar 2022 meðan unnið er að úrbótum á athafnasvæði fyrirtækisins.

2. Umhverfismál.

Nefndin frestar afgreiðslu þeirra mála sem lögð voru fyrir nefndina til næsta fundar.

3. Önnur mál.

Lagt var fram bréf Elisabetar Jensdóttur, dags. 26.11.2020, Nefndin vísar til bókunar sem gerð var undir 4. dagskrárlið 283. fundar heilbrigðisnefndar þann 27. ágúst sl.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið klukkan 18:00.